

77
28. okt.

Samþykkt

um

kornforðabúr í Fellahreppi í Norður-Múlasýslu.

Sýslunefndin í Norður-Múlasýslu hefir, samkvæmt lögum nr. 73, 14. nóv. 1917, gjört eftirfarandi samþykkt fyrir Fellahrepp um kornforðabúr til skepnufóðurs:

1. gr.

Tilgangur forðabúrsins er sá, að koma í veg fyrir fóðurskort búpenings þegar óvenjuleg harðindi ber að höndum. Hreppurinn skal því eiga að minsta kosti 100 tunnur af fóðurkorni haust hvert í hreppnum.

2. gr.

Til að eignast kornið tekur hreppurinn lán, sem afborgast smátt og smátt eftir ástæðum, þannig: að forðabúrið verði að lokum skuldlaus eign hreppsins.

3. gr.

Stjórn forðabúrsins hafa á hendi 3 menn, sem kosnir eru á vorhreppaskilum til þriggja ára í senn. Kosningarrjettur og kjörgengi er eins og um hreppsnefndarkosningu.

4. gr.

Búendur í hreppnum eru skyldir að endurnýja kornið ókeypis, eftir því, sem stjórn forðabúrsins telur nauðsynlegt. Skal hún jafna því niður til endurnýjunar að rjettri tiltölu við skepnufjölda næsta vetur á undan. Eftir sama hlutfalli greiða allir fjáreigendur í sveitinni árlegan reksturskostnað við búið.

5. gr.

Stjórn forðabúrsins lána hreppsbúum korn úr forðabúrinu þegar nauðsyn krefur, í samráði við hreppsnefnd. Enginn á þó rjett til að fá meira korn en að rjettri tiltölu við skepnufjölda, nema aðrir gefi eftir sinn hlut.

6. gr.

Korn það, sem látið er úr forðabúrinu samkv. 4. og 5. gr., skal flutt aftur að búrinu fyrir septembermánaðarlok sama ár. Sá, sem kornlán fær, greiði 5 auru aukagjald fyrir hvert kíló, sem verða tekjur forðabúrsins og ganga upp í reksturskostnað þess.

7. gr.

77

Nú eru kornlán ekki endurgreidd á rjettum tíma, og skal stjórnin þá 28. okt. kaupa það, sem á vantar og láta flytja það í búrið, hvorttveggja á kostnað lántakanda. Skal það gert svo snemma, að við vetrarbyrjun sje jafnan fyrir hendi hinn ákveðni kornforði.

8. gr.

Reikningsár forðabúrsins er fardagaárið.

9. gr.

Forðabúrið hefir sjerstakan reikning og skal hann, ásamt skýrslu um það, árlega sendur sýslunefnd.

10. gr.

Sýslunefndin skipar eftirlitsmenn með forðabúrinu.

11. gr.

Öll gjöld forðabúrsins, svo og útistandandi skuldir þess, má taka lögtaki.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 2—20 krónur, er renna til forðabúrsins.

Mál, sem rísa út af brotum þessum, skal fara með sem almenn lög-reglumál.

Samþykkt þessi staðfestist hjermeð samkvæmt framangreindum lögum til að öðlast gildi 1. desember 1922.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. okt. 1922.

Kl. Jónsson.

Oddur Hermannsson.